



UPPLÝSINGAR UM LAUNAMÁL HJÁ ÍSAFJARÐARBÆ

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR FYRIR NÝTT STARFSFÓLK

Persónuafsláttur

Til að virkja persónuafslátt þarf að senda tölvupóst á laun@isafjordur.is.

Í tölvupóstinum þarf að koma fram nafn, kennitala og hvort fullnýta eigi skattkortið hjá Ísafjarðarbæ eða að hluta (%). Enn fremur þurfa að koma fram upplýsingar um hvernig búið er að nýta kortið á árinu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar á árinu inn á www.skattur.is. Best er að sækja þessar upplýsingar eftir 15. hvers mánaðar en þá á að vera búið að skila inn staðgreiðsluskilagrein síðasta mánaðar.

Hægt er að skrá sig inn á www.skattur.is með rafrænum skilríkjum.

Eftir innskráningu: Neðarlega á síðunni eru upplýsingar um persónuafslátt undir „Yfirlit til launagreiðanda“ en þar má sjá upphæð persónuafsláttar sem búið er að nýta á yfirstandandi ári. Einfaldast er að senda pdf skjal (hnappur „Sækja pdf skjal“ á síðunni til að mynda pdf skjal) eða taka skjáskot af textanum á síðunni og láta fylgja með í tölvupósti til launadeildar.

Launaseðill

Launaseðlar starfsmanna eru sendir á www.island.is og hægt að finna þá þar í pósthólfi undir „Mínar síður“.

Annað sem getur skipt máli

Starfsvottorð frá öðrum vinnuveitendum geta haft áhrif á álag á laun starfsmanns til hækkunar (símennntunarálag) og eins veikindarétt (vinna hjá sveitafélögum eða ríki). Það er því mikilvægt að skila öllu inn til launadeildar sem getur skipt máli.

Stúdentspróf eða annað sambærilegt próf sem nýtist í starfi gefur 2% - 4% álag á laun starfsmanna ef ekki er gerð krafa um prófið í starfaskilgreiningu.

Stutt námskeið sem eru mæld í tímafjölda (klukkustundir eða kennslustundir) geta verið metin að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Háskólapróf og aðrar stuttar námslínur á háskólastigi geta líka haft áhrif á laun ef námið nýtist í starfi. Skila þarf prófskírteini til launadeildar til að fá nám eða námskeið metið. Hækkunin tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að skírteini er skilað.

Ef starfsmenn eru með samning um **séreignasparnað** þarf að koma samningi til launadeildar. Bankar og lífeyrissjóðir senda afrit til launadeildar Ísafjarðarbæjar ef starfsmenn óska eftir því.

Launagreiðslur

Mánaðarlaun fylgja hverjum mánuði fyrir sig.

Yfirvinnutímabil er frá 16. hvers mánaðar til 15. næsta mánaðar á eftir.